



MENNTASKÓLINN  
VIÐ SUND

**Sjálfsmatsskýrsla**  
**Menntaskólans við Sund**  
**2010**

**Efnisyfirlit**

Efnisyfirlit.....	2
Listi yfir myndir.....	3
Inngangur.....	4
1. Almennar upplýsingar.....	7
2. Markmið.....	8
3. Aðgerðaáætlun.....	8
4. Nemendakönnun.....	10
5. Starfsmannaviðtöl.....	11
6. Mat á stjórnendum MS.....	12
7. Starfsmannakönnun.....	12
8. Námsárangur nemenda.....	16
9. Starfendarannsóknir.....	18
10. Sjálfsmat nemenda - stöðumat.....	19
11. Fundur með bekkjartenglum.....	19
12. Raunmæting.....	20
13. Mat á tilraun um lotunám.....	24
14. Tölulegar upplýsingar.....	24
15. Starfshópar.....	25
16. Sjálfsmat og árangurstenging launa.....	26
Lokaorð.....	26
Heimildir.....	28

### Listi yfir myndir

Mynd 1: Tímaáætlun einstakra þátta í sjálfsmatsáætlun MS.....	4
Mynd 2: Yfirlit yfir helstu matsþætti í sjálfsmatsáætlun MS.....	6
Mynd 3: Niðurstöður nemendakönnunar MS haustönn 2010. ....	10
Mynd 4: Samanburður á niðurstöðum valdra spurninga í nemendakönnun 1999-2010. ....	11
Mynd 5: Viðhorf starfsfólks MS til samstarfsfólks síns vor 2010 .....	12
Mynd 6: Viðhorf starfsfólks MS til starfsandans í MS vor 2010 .....	13
Mynd 7: Viðhorf starfsfólks MS til þess að MS hefist kl. 8:55 á mánudögum vor 2010.....	13
Mynd 8: Viðhorf starfsfólks MS til þess að upplýsa kennslustjóra um agabrot vor 2010. .	14
Mynd 9: Viðhorf starfsfólks MS til raunmætingar nemenda vor 2010.....	14
Mynd 10: Viðhorf starfsfólks MS til upplýsingastreymis í MS vor 2010.....	15
Mynd 11: Viðhorf starfsfólks MS til mötuneytis starfsmanna vor 2010.....	16
Mynd 12: Fall í aðaleinkunn eftir námsárum í MS vor 2010.....	17
Mynd 13: Fall í aðaleinkunn eftir námsárum í MS haust 2010.....	17
Mynd 14: Ánægja-/óánægja þriðju bekkinga á vorönn 2010 með reglu um raunmætingu.	21
Mynd 15: Raunmæting skólaárið 2008-2009.....	22
Mynd 16: Raunmæting skólaárið 2009-2010.....	22

## Inngangur

Sjálfsmat skapar faglegan grundvöll að umbótastarfi skóla, veitir upplýsingar um styrkleika og veikleika skóla og auðveldar starfsfólki skóla að stuðla að því að skólinn nái markmiðum sínum. Sjálfsmat er hluti af lögbundinni starfsemi framhaldsskóla og kveðið er á um það í skólasamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis við MS (Skólasamningur mennta- og menningarmálaráðuneytisins við Menntaskólann við Sund, 2009). Markmiðið er að nýta menningu og mannauð skólans til að móta sjálfsmatsaðferðir MS. Sjálfsmatsáætlun sem er byggð á skólanámskrá og sjálfsmatsstefnu skólans er nú gerð til þriggja ára í senn og birt á heimasíðu skólans. Ennfremur er sett fram tímaáætlun fyrir hvern sjálfsmatsþátt, sjá mynd 1.

### Sjálfsmatsáætlun MS til þriggja ára

#### Tímaáætlun einstakra sjálfsmatsþátta

Sjálfsmatsþáttur	Vorönn 2011	Haustönn 2011	Vorönn 2012	Haustönn 2012	Vorönn 2013	Haustönn 2013
Aðgerðaáætlun skólans						
Sjálfsmatsáætlun skólaárs						
Nemendakönnun						
Starfsmannaviðtöl rektors						
Starfsmannakönnun						
Mæt á stjórnendum						
Námsárangur nemenda						
Sjálfsmat nemenda						
Sjálfsmat nemenda-stöðumat í 2. bekk						
Starfendarannsókn						
Breytingastofa						
Fundir sjálfsmatshóps með bekkjartenglum						
Fundir stjórnenda með nemendum						
Fundir stjórnenda og kennara faggreina						
Starfshópar um þróun skólastarfs						

Mynd 1: Tímaáætlun einstakra þátta í sjálfsmatsáætlun MS.

Haustið 2008 lét menntamálaráðuneytið gera úttekt á sjálfsmatsaðferðum skólans. Niðurstaðan er sú að aðferðirnar eru fullnægjandi og

Í niðurstöðu úttektarinnar segir: "Menntaskólinn við Sund uppfyllir bæði viðmið ráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir og um framkvæmd sjálfsmatsins. Ráðuneytið fagnar þessum góðu niðurstöðum." Sjá nánar í skýrslu um sjálfsmat MS 2009 á heimasíðu skólans.

Árið 2010 var Ósa Knútsdóttir fagstjóri í dönsku verkefnisstjóri sjálfsmats. Starfshópur um sjálfsmat skóla stýrir sjálfsmatsvinnunni en í honum eru verkefnisstjóri, konrektor, 2-4 fulltrúar kennara og 2-3 fulltrúar nemenda. Verkefnisstjóri stýrir fundum sjálfsmatshópsins, ritar fundargerðir og ritar árlega skýrslu um starf hópsins (Knútsdóttir, 2010). Á vorönn 2010 skipuðu starfshópin auk Ósu Knútsdóttur, þau Fanný Ingvarsdóttir fagstjóri í frönsku, Oddgeir Eysteinnsson íslenskukennari og fulltrúar nemenda þau Atli Örn Egilsson 4. T, Eva Sól Jakobsdóttir 4. T og Hilmar Freyr Kristinsson 2. G. Á haustönn 2010 skipuðu starfshópin auk Ósu Knútsdóttir þau Ileana Manolescu, fagstjóri í stærðfræði, Oddgeir Eysteinnsson, íslenskukennari, Silke Waelti þýskukennari og fulltrúar nemenda þau Hilmar Freyr Kristinsson 3. G, Bára Sif Magnúsdóttir 3. G og Úndína Ýr Þorgrímsdóttir 2. S. Hjördís Þorgeirsdóttir konrektor starfaði með hópnum báðar annir 2010.

Undanfarin ár hefur sjálfsmatshópurinn átt samstarf við Penny Lizi við fylkisháskólann í Connecticut í USA og Sigurlínu Davíðsdóttur við Háskóla Íslands um sjálfsmat.

Á næstu síðu á mynd 2 er yfirlit yfir sjálfsmat í MS og hverjir sjá um það.

Matsþáttur	Hvað er skoðað?	Hverjir undirbúa?	Lagt fyrir hverja?	Hvernig er gægra aflað?	Hverjir framkvæma?	Úrvinnsla gægra?	Hvað er gert við niðurstöðurnar?	Hversu oft gert?
Námsrángur	Móðaltal, dreifing og staðalfátvik einkunnar í hverjum námsáfangi, dreifing einkunnar innan námsgreina efnir bekkjum, móðaltal einkunnar í áföngum eftir kyni	Kenningar	Alla nemendur skólans	Méð námsmáti kennara	Allir kennarar skólans	Konrektor í exel	Kynnir á kennarafundi, ræddar á fagfundum og niðurstöður þessar unnaðu kynnt á kennarafundi, heildin kynnt á heimasíðu MS	Einu sinni á önn
Nemendakönnun	Mát á gæðumkennslu	Sjálfsmats-hópur	Alla nemendur skólans	Könnun á Námsnetinu	Konrektor og umsjónarkennarar	Námsnetið og konrektor í exel	Þessar viðkomandi kennara á Námsnetinu. Allar niðurstöður sendar til rektors. Grundvöllur að starfsmannavottali við rektor. Heildin birt á heimasíðu.	Árlega á haustönn
Starfsmannakönnun	Móthorfi til skipulags skólastarfs, starfsanda, vinnuástandna, líðan og stefnumótunar	Sjálfsmats-stjóri og stjórnendur	Alla starfsmenn skólans	Könnun á Námsnetinu	Sjálfsmatssjóri	Námsnetið og konrektor í exel	Kynnir á starfsmannafundi, nýttar af sjómendum til unnbóta á skólastarfi	Árlega í maí
Mát á stjórnendum	Mát á störfumrektors, konrektors og kennslustjóra	Sjálfsmats-hópur	Alla starfsmenn skólans	Könnun á Námsnetinu	Sjálfsmatssjóri	Námsnetið og konrektor í exel	Sendar til stjórnenda	Árlega í maí
Sjálfsmát nemenda	Móthorfi nemenda til námsins, námsvenjur og heimanám	Sjálfsmats-hópur	Alla nemendur skólans	Könnun á Námsnetinu	Konrektor og umsjónarkennarar	Námsnetið og konrektor í exel	Sendar til umsjónarkennara sem kynna og ræða niðurstöðurnar í sínum umsjónarþekki. Heildin kynnt á heimasíðu skólans.	Tillíllandi vorönn 2006, 2007 og 2011. Óákveðið um framtíð.
Sjálfsmát nemenda-stöðunnar	Móthorfi nemenda til eigin námsframmistöðu	Stjórnendur	Nemendur í 2. þekki	Skrifleg könnun	Stjórnendur	Sett í línu af skrifstofusjóra	Þar á stöðumatsblaði nemenda við hlið kennaramats	Á hverri önn
Starfendurannsókn	Eigin starfsþættir	Stjórnendur	Þá sem þjónustan nær til	Fjölbreyttar aðferðir	Starfsmenn	Starfsmenn á fjölbreyttan hátt	Starfsmenn nýta þær fyrir unnbætur og þróun í sínu starfi	Lífsskiptill
Mát nemenda á MS	Hverju viltu breyta í MS?	Stjórnendur	Nemendur	Skrifleg könnun	Stjórnendur	Skrifstofan og konrektor í word	Kynnir svöbstjórn og að hluta til kennurum og öðrum viðeigandi aðilum. Aðgerðaráttun um unnbætur unnin af rektor	Árlega einhver árgangur
Sjórnendur og sviðsþjórar sífja fyrir svörum	Móthorfi nemenda til MS	Stjórnendur	Nemendur	Á fundum með nemendum	Stjórnendur	Fundamantan og stjórnendur	Reynt að finna leiðir til að koma til matts við óskar nemenda um unnbætur á skólastarfinu	Árlega
Fundir með bekkjartenglum	Hvað má bæta í MS	Sjálfsmats-hópur	Bekkjartengla	Á fundi með bekkjartenglum	Sjálfsmats-hópur	Sjálfsmats-hópur og stjórnendur	Sjórnendur fara yfir fundargerð og gefa út þátt þar sem lýst er viðbrögðum við óskum um breytingar	Árlega

Mynd 2: Yfirlit yfir helstu matsþætti í sjálfsmatsáætlun MS.

## 1. Almennar upplýsingar

MS býður upp á bóklegt nám til stúdentsprófs á þremur brautum, málabraut, félagsfræðabraut og náttúrufræðibraut, samkvæmt skólasamningi við mennamálaráðuneytið.

Á vorönn 2010 voru nemendur samtals 760, 366 drengir og 394 stúlkur. Skipting á námsbrautir var þannig að 87 nemendur voru á málabraut, 347 á félagsfræðabraut og 326 á náttúrufræðibraut. 125 stúdentar voru útskrifaðir á vorönn 2010, 71 stúlkur og 54 piltar. Hæstu einkunn á stúdentsprófi fékk Davíð Ólafsson 9,1 og næsthæstu einkunn hlaut Eiríkur Rafn Björnsson 9,0. Þeir voru báðir nemendur á náttúrufræðibraut, líffræðikjörsviði. Haustið 2010 voru nemendur samtals 799, 403 piltar og 396 stúlkur. Skipting á námsbrautir var þannig að 68 nemendur voru á málabraut, 367 á félagsfræðabraut og 364 á náttúrufræðabraut. Skýringin á fækkun nemenda á málabraut er sú að haustið 2010 voru engir nemendur teknir inn á málabraut og verður svo áfram. Nánari upplýsingar um skiptingu nemenda eftir bekkjum, námsárum, kjörsviðum og kyni er að finna á heimasíðu MS (Heimasíða Menntaskólans við Sund, 2011).

Á vorönn 2010 var starfsfólk samtals 68, þar af 37 konur og 31 karl. Á haustönn 2010 var starfsfólk samtals 65, þar af 36 konur og 29 karlar. Kennarar voru alls 55 á vorönn 2010 en 52 á haustönn 2010, en aðeins 49 kennarar voru virkir á haustönn 2010 þar sem 1 var í námsleyfi, 1 í veikindaleyfi og 1 í launalausuleyfi. Á þjónustusviði eru samtals 13 starfsmenn, þar af 9 konur og 4 karlar. Stjórnendur eru 3, námsráðgjafar 2, á bókasafni starfa 2, á skrifstofu 3 og umsjón með húsnæði 3. Starfsmenn eru mjög vel menntaðir, af 65 starfsmönnum eru 5 með doktorspróf, 20 með MA/MS, 9 með diploma umfram BA/BS, 26 með BA/BS, 2 iðnmeistarar og 3 með grunnenntun. 34 eða 52% af

65 hafa framhaldsmenntun úr háskóla en samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands höfðu 21% starfsmanna framhaldsskóla það 2009-2010 (Hagstofa Íslands, 2011).

## 2. Markmið

Menntaskólinn við Sund er bóknámsskóli með bekkjarkerfi og býður upp á nám til stúdentsprófs. Nemendur eru saman í bekk í langflestum námsgreinum. Það er markmið skólans að bjóða nemendum góða þjónustu og fyrsta flokks nám óháð því á hvaða námsbraut þeir eru. Þá leggur skólinn sérstaka áherslu á að vera í fremstu röð hvað varðar náttúrufræðikennslu. Markmiðum sínum ætlar skólinn að ná með því að virkja frumkvæði nemenda og starfsmanna og leggja áherslu á góða kennslu og fjölbreytta kennsluhætti.

Skólinn leggur áherslu á:

- Nemendavænt umhverfi.
- Fjölbreytta kennsluhætti og öflugt þróunarstarf.
- Góðan starfsanda.
- Góðan undirbúning fyrir háskólanám og faglega ráðgjöf.
- Góðan og nútímalegan aðbúnað til náms og kennslu.
- Alþjóðlegt samstarf nemenda og kennara.
- Virkt sjálfsmat.
- Aðstoð við nemendur með námsörðugleika.
- Sjálfstæð vinnubrögð nemenda.
- Öflugt félagslíf nemenda og virkt forvarnarstarf.

## 3. Aðgerðaáætlun

Árlega setur skólinn sér aðgerðaáætlun þar sem tilgreint er að hvaða markmiðum skuli stefnt á skólaárinu og til hvaða aðgerða eigi að grípa



til að ná settum markmiðum (sjá nánar á heimasíðu skólans) (Heimasíða Menntaskólans við Sund, 2011).

Á vorönn 2010 var unnið að eftirfarandi meginmarkmiðum undir yfirskriftinni **styrkjum og eflum nemandann til náms**:

1. Vinna að mótun nýrrar skólanámskrár
2. Smíða lotubundið bekkjarkerfi
3. Efla umhverfisvitund
4. Auka virkni og ábyrgð nemenda
5. Efla þverfaglegt samstarf
6. Nýta sjálfsmat til skólaþróunar

Á sviði sjálfsmats var ákveðið að leggja áherslu á eftirfarandi aðgerðir:

- Matshópur starfi áfram
- Mat á tilraun um lotukerfið
- Þróa Námsnetið fyrir viðhorfskannanir
- Leggja nemendakönnun fyrir í nóvember
- Þróa áfram starfsrýni/starfendarannsóknir
- Stjórnendur funda með kennurum faggreina á haustönn
- Starfsmannaviðtöl rektors á vorönn

Á haustönn 2010 var unnið að eftirfarandi meginmarkmiðum undir yfirskriftinni **skólasókn skilar þér áfram**:

1. Bæta upplýsingastreymi
2. Efla heilbrigðisvitund
3. Auka áhuga, virkni og ábyrgð nemenda
4. Nýta sjálfsmat til skólaþróunar

Á sviði sjálfsmats var ákveðið að leggja áherslu á eftirfarandi aðgerðir:

- Matshópur starfi áfram
- Þróa Námsnetið fyrir viðhorfskannanir
- Leggja nemendakönnun fyrir í nóvember
- Þróa áfram starfendarannsóknir/starfsrýni
- Starfsmannaviðtöl rektors
- Endurskoða sjálfsmatsáætlun
- Funda með bekkjarfulltrúm nemenda

#### 4. Nemendakönnun


Könnun á gæðum náms og kennslu var lögð fyrir alla nemendur skólans í nóvember 2010. Könnunin var lögð fyrir nemendur á Námsnetinu, innra námskerfi skólans. 619 nemendur svöruðu könnuninni eða 77% nemenda skólans. Heildarniðurstöður úr nemendakönnunum eru kynntar á heimasíðu skólans. Niðurstöður hvers kennara eftir bekkjum og samanburður við árgang og heildina eru sendar til hvers kennara eftir annarlok. Næsta nemendakönnun verður í nóvember 2011.

Kennarahópurinn kemur mjög vel út úr nemendakönnunum og hefur einnig gert það á undanförunum árum. Heildarmeðaltalið haustið 2010 er 3,9 á skala þar sem 1 er lægst og 5 er hæst eins og sést á mynd 3.



#### Niðurstöður nemendakönnunar MS haustönn 2010

619 af 799 eða 77% nemenda tók þátt



Mynd 3: Niðurstöður nemendakönnunar MS haustönn 2010.

Þeir þættir sem fá hæsta meðaltalið eru stundvís, undirbúningur kennarans fyrir kennslustundir og viðmót kennarans gagnvart nemendum. Lægsta meðaltalið fá kennarar fyrir fjölbreytni í

kennsluaðferðum, samráð við nemendur um kennsluaðferðir og hve vel tekst að vekja áhuga nemenda. Það má þó benda á að allir þessir þættir hafa þó hækkað um 0,2 frá 2004 til 2010 eins og sést á mynd 4 hér að neðan sem sýnir samanburð á nokkrum þáttum við niðurstöður fyrri ára.

Leitast er við að taka mið af niðurstöðum nemendamatsins í aðgerðaáætlun hvers árs. Einnig eru niðurstöður nemendakönnunar nýttar sem grunnur í starfsmannaviðtölum rektors við kennara.

### Samanburður á völdum spurningum milli ára

Niðurstöður nemendakönnunar Samanburður 1999 - 2010	Meðal- tal 1999	Meðal- tal 2004	Meðal- tal 2005	Meðal- tal 2006	Meðal- tal 2007	Meðal- tal vor 2008	Meðal- tal haust 2008	Meðal- tal vor 2009	Meðal- tal haust 2009	Meðaltal haust 2010
Undibúningur kennarans fyrir kennslustund	3,9	4,1	4,2	4,1	4,2	4,2	4,2	4,2	4,1	4,1
Stjórn kennarans á bekknum	3,5	3,7	3,8	3,7	3,8	3,9	3,9	3,9	3,9	3,9
Samráð kennara við nemendur um kennsluaðferðir	3,3	3,6	3,6	3,5	3,5	3,5	3,6	3,7	3,6	3,7
Hvernig kennaranum tekst að vekja áhuga nemenda	3,2	3,5	3,6	3,6	3,6	3,5	3,7	3,7	3,7	3,7
Stundvísi kennarans	4	4,2	4,3	4,3	4,3	4,2	4,3	4,3	4,3	4,3
Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar	3	3,4	3,4	3,4	3,5	3,5	3,6	3,6	3,6	3,6
Heildin, meðaltal allar spurningar	3,5	3,8	3,9	3,8	3,8	3,9	3,9	3,9	3,9	3,9

Mynd 4: Samanburður á niðurstöðum valdra spurninga í nemendakönnun 1999-2010.

## 5. Starfsmannaviðtöl

Stefna skólans er að boða alla starfsmenn í starfsmannaviðtal annað hvert ár en nýja starfsmenn á hverju ári. Starfsmannaviðtöl voru við nýja starfsmenn á vorönn 2009. Starfsmenn eru beðnir um að fylla út sérstakt eyðublað, þar sem þeir lýsa meðal annars helstu styrkleikum og veikleikum sínum í starfi og benda á það sem betur má fara, áður en viðtal fer fram. Í starfsmannaviðtölum ræðir rektor við starfsmenn um líðan, starfsaðstæður, árangur í starfi og niðurstöður nemendakönnunar.


## 6. Mat á stjórnendum MS

Á starfsdögum vorannar 2010 var árleg könnun lögð fyrir starfsmenn MS þar sem þeim gafst kostur á að meta gæði stjórnunar í skólanum. Lagt var mat á störf rektors, konrektors og kennslustjóra. Könnunin var lögð fyrir á Námsnetinu og niðurstöður eingöngu birtar viðkomandi stjórnanda. Fyrstu 17 spurningarnar eru þær sömu fyrir alla og fjalla almennt um stjórnunaraðferðir og síðan koma 2 spurningar sem snúa sérstaklega að starfi viðkomandi stjórnanda.

## 7. Starfsmannakönnun


Á starfsdögum vorannar 2010 var árleg könnun lögð fyrir alla starfsmenn skólans. Þar voru könnuð viðhorf þeirra til skipulags skólastarfsins, nýjunga í starfinu, vinnuaðstæðna og starfsanda, stefnumótunar og framtíðarsýnar. Samtals tóku 39 eða 57% starfsmenn þátt í könnuninni sem lögð var fyrir á Námsnetinu, innra kerfi skólans á starfsdegi þann 26. maí 2010. Heildarniðurstöður könnunarinnar voru kynntar af sjálfsmatsstjóra á skólafundi í upphafi haustannar 2010.

Meðal styrkleika má nefna að 80% telja samstarfsfólkið oft eða mjög oft jákvætt og hvetjandi og var þetta hlutfall ennþá hærra tvö síðustu árin eða um 90%, sjá mynd 5.




Mynd 5: Viðhorf starfsfólks MS til samstarfsfólks síns vor 2010

Árið 2010 töldu 77% starfsmanna starfsandann góðan/notalegan frekar eða mjög oft eins og sést á mynd 6. Árin 2008-9 var þetta hlutfall hærra eða 92-95%. Árin 2005-7 var þetta hlutfall um 75% en 2004 67% þannig að viðhorf starfsfólks til þess hversu oft starfsandinn er góður er nokkuð breytilegt á milli ára. En breytinguna síðasta vor má kannski tengja til þess að fyrirhugaður voru miklar faglegar breytingar í MS haustið 2010 bæði kerfisbreyting og ný skólanámskrá en kjarasamningar tókust ekki á milli MS og KÍ um þær breytingar í maí og það var mikið áfall bæði fyrir stjórnendur og kennara skólans.



Mynd 6: Viðhorf starfsfólks MS til starfsandans í MS vor 2010


Viðhorf til breytinga sem gerðar voru á skólastarfinu á síðustu tveimur árum eru jákvæðar meðal starfsmanna eins og sjá má á myndum 7, 8 og 9.



Mynd 7: Viðhorf starfsfólks MS til þess að MS hefist kl. 8:55 á mánudögum vor 2010

74% starfsmanna er frekar eða mjög ánægt með að kennsla hefst nú kl. 8:55 á mánudagsmorgnum í staðinn fyrir kl. 8:10 eins og var fyrir árið 2008.


### Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með þá vinnureglu að kennarar upplýsi kennslustjóra um agabrot nemenda?



Mynd 8: Viðhorf starfsfólks MS til þess að upplýsa kennslustjóra um agabrot vor 2010.

84% starfsmanna er frekar eða mjög ánægðir með þá nýju vinnureglu að kennarar upplýsa kennslustjóra beint um agabrot nemenda, sjá mynd 8. En áður fóru þær upplýsingar fyrst til umsjónarkennara.


### Hversu hlynnt/ur eða andvíg/ur ertu því að halda áfram með raunmætingu á næsta skólaári?



Mynd 9: Viðhorf starfsfólks MS til raunmætingar nemenda vor 2010.

81% starfsmanna er frekar eða mjög hlynnt því að halda áfram með raunmætingu á næsta skólaári, sjá mynd 9, en raunmæting er ný skólasóknarregla sem tók gildi á haustönn 2009. Raunmæting gildir a.m.k. 5% í náms- eða vinnueinkunn nemenda og er þar ekki tekið tillit til vottorða eða annarra skýringa á fjarvist nemenda heldur eingöngu horft til nærveru nemenda í kennslustundum. Sjá nánari umfjöllun í kafla 12 í þessari skýrslu og einnig í skýrslu Sigurrósar Erlingsdóttur, kennslustjóra um rannsókn hennar á raunmætingu á heimasíðu MS (Sigurrós Erlingsdóttir, 2011).

Dæmi um veikleika í MS er að aðeins 26% kennara eru frekar eða mjög ánægðir með upplýsingastreymið í skólanum en 38% kennara eru frekar eða mjög óánægðir með það eins og mynd 10 sýnir. Í kjölfar þessarar niðurstöðu var á haustönn 2010 lögð áhersla á að auka upplýsingastreymið m.a. með fjölgun funda stjórnenda með svið- og fagstjórum og einnig með opnun Skjalasafns á Námsnetinu fyrir gögn frá stjórnendum til starfsmanna skólans.




Mynd 10: Viðhorf starfsfólks MS til upplýsingastreymis í MS vor 2010.

Annar veikleiki er óánægja starfsmanna með mötuneytið sitt eins og mynd 11 sýnir en aðeins 19% starfsmanna er frekar eða mjög

ánægt með mötuneytið en 66% þeirra er frekar eða mjög óánægt með mötuneyti starfsmanna. Starfsfólk mötuneytisins var upplýst um þessa niðurstöðu haustið 2010 og rætt um ákveðnar breytingar á matseðlinum.

### Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með mötuneyti starfsmanna MS í vetur?



Mynd 11: Viðhorf starfsfólks MS til mötuneytis starfsmanna vor 2010.

## 8. Námsárangur nemenda


Í lok hvernna annar eru teknar saman niðurstöður (meðaltal, dreifing og staðalfrávik) um námsárangur nemenda í skólanum í heild, í hverjum námsáfanga, í hverjum bekk eftir námsgreinum og eftir kyni í hverjum námsáfanga. Einnig eru teknar saman tölur um fall í aðaleinkunn eftir bekkjum og námsárum. Þessar niðurstöður voru ræddar á kennarafundum og fagfundum í janúar og maí 2010. Farið var yfir niðurstöðurnar í greininni og þær bornar saman við fyrri ár og skyldar greinar. Ennfremur ræddu kennarar niðurstöður haustannarprófa 2009 í sínum umsjónarbekk í byrjun vorannar 2010 og rektor og konrektor ræddu niðurstöðurnar við nemendur í hverjum bekk á 3. og 4. námsári á árlegum fundum sínum með hverjum bekk.




Heildarmeðaltal einkunna í öllum áföngum breytist ekki mikið milli ára og var það 6,3 á vorönn 2010 með staðalfrávik 1,8. Dreifing einkunna í öllum áföngum var þannig að 7% fengu falleinkunn eða 1,0 til 3,5, 47% nemenda fengu einkunn 4,0 til 6,5 og 46% nemenda fékk einkunn 7,0 til 10.

Á haustönn 2010 var meðaltalið 6,5 með staðalfrávik 1,8. Dreifing einkunna í öllum áföngum var þannig að 7% fengu falleinkunn eða 1,0 til 3,5, 43% nemenda fengu einkunn 4,0 til 6,5 og 51% nemenda fékk einkunn 7,0 til 10.

Heildarhlutfall nemenda með fall í aðaleinkunn var nokkuð hærra nú í haust en undanfarin ár, en þá hækkun má rekja til aukins falls í efri bekkjunum því hlutfall nemenda með fall í aðaleinkunn í 1. bekk lækkaði á milli ára. Meðfylgjandi súlurit á myndum 12 og 13 sýna dreifingu falls í aðaleinkunn eftir námsárum vor og haust 2010.



Mynd 12: Fall í aðaleinkunn eftir námsárum í MS vor 2010.



Mynd 13: Fall í aðaleinkunn eftir námsárum í MS haust 2010.

Um miðja haustönn mátu kennarar stöðu nemenda í fyrsta og öðrum bekk og fengu allir nemendur afhent stöðumatsblað, sem og forráðamenn ólögráða nemenda. Stöðumatinu er ætlað að hjálpa nemendum að glöggva sig á stöðu sinni þegar um miðja önn þannig að þeim gefist tækifæri til að bæta sig fyrir lok annarinnar.

## 9. Starfendarannsóknir

Á vorönn 2010 og haustönn 2010 var einn 18 manna hópur um starfendarannsóknir sem vinnur að sérstöku þróunarverkefni undir heitinu Breytingastofa. Þar fara fram markvissar umræður um sögu kennsluhátta í MS, togstreitu og mótsetningar í kennsluháttum í nútímanum og framtíðarmöguleika í kennslu og námi í MS. Markmiðið er að finna út hvernig við getum bætt námsárangur og aukið fjölbreytni og sveigjanleika í kennslu og námi í MS. Verkefnið er styrkt af Sprotasjóði mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Markmið starfendarannsókna er að gefa fólki tækifæri til að vaxa í starfi og þróa starfshætti sína með því að gera rannsókn, ígrunda starf sitt og fara í jafningjamat. Hver starfsmaður skoðar afmarkaðan þátt í starfi sínu, safnar gögnum með ýmsum aðferðum, heldur dagbók og fundar með hópnum. MS-ingar hafa birt greinar um starfendarannsóknir sínar í tímaritinu Uppeldi, í Skólavörðunni og vef tímaritinu Netlu. Á haustönn 2010 kynntu fulltrúar frá MS starf hópsins á Menntakviku Menntavísindasviðs Háskóla Íslands (Hjördís Þorgeirsdóttir, 2010b, bls. 11) og grein um Breytingastofuna birtist í ráðstefnuriti Netlu 31. desember 2010 eftir Hjördísi Þorgeirsdóttur (2010a).

Ennfremur kynntu fulltrúar hópsins starfendarannsóknir m.a. í vettvangsnámi hag- og viðskiptafræðikennara, í kennslufræðinámi og vettvangsnámi framhaldsskólakennara um starfendarannsóknir á meistarastigi á Menntavísindasviði HÍ.

Faglegur ráðgjafi í starfendarannsóknum við MS er Hafþór Guðjónsson dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Ársskýrslur um starfið, skýrsla til Sprotasjóðs um Breytingastofuna, kynningar og ýmsar aðrar upplýsingar um verkefnið eru á heimasíðu MS undir fræðsluefni.

## **10. Sjálfsmat nemenda - stöðumat**

Sjálfsmat nemenda var lagt fyrir alla nemendur á öðru námsári samhliða stöðumati á haustönn 2010. Þar meta nemendur stöðu sína í öllum námsgreinum á sama skala og kennarar nota við stöðumatið, eða Ó (ófullnægjandi), V (viðunandi), G (gott). Sjálfsmatið er birt á stöðumatsblaðinu við hliðina á stöðumati kennara í hverri námsgrein. Markmiðið með sjálfsmati er að auka meðvitund annars bekkinga um ábyrgð sína á náminu.

## **11. Fundur með bekkjartenglum**

Á haustönn 2010 var tekin upp sú nýbreytni að sjálfsmatshópurinn hélt fund með bekkjartenglum MS. Bekkjartenglum allra bekkja var boðið á fund í fundargati á fimmtudegi kl. 11:15-11:55. Fundurinn var haldinn í stofum 13-14. Ósa Knútsdóttir, sjálfsmatsstjóri stýrði fundinum og Oddgeir Eysteinnsson, einn fulltrúa kennara í sjálfsmatshópnum ritaði fundargerðina en fundurinn var einnig tekinn upp á band. Rætt var um skólastarfið í MS, styrkleika og hvað má betur fara. Rætt var m.a. um bekkjaranda, agamál, mötuneyti nemenda, bílastæði og þjófnaði. Gerður var góður rómur að þessari nýjung í starfi sjálfsmatshópsins og ákveðið að gera þetta aftur á næsta skólaári. Í kjölfarið funduðu stjórnendur um niðurstöðurnar og eftir áramótin fengu bekkjartenglar fundargerðina afhenta og bréf frá rektor þar sem hann fór yfir viðbrögð skólans við ábendingum nemenda á fundinum.

## 12. Raunmæting

Í skólasóknarreglum MS kemur eftirfarandi fram:

„Tvenns konar mæting er skráð í skólanum:

a) Mæting sem kemur fram á einkunnablaði að teknu tilliti til vottorða og leyfa, þ.e. grundvöllur skólasóknareinkunnar nemenda.


b) Raunmæting sem er mæting nemenda í kennslustundir án tillits til vottorða og leyfa, nema um sé að ræða leyfi vegna námsferða sem skólinn skipuleggur. Raunmæting er reiknuð inn í náms-/vinnueinkunn nemenda í hverri grein" ("Ratsjá. Skólanámskrá Menntaskólans við Sund," 2011).

Meginmarkmið MS síðasta áratug hefur verið að leita leiða til að auka ábyrgð nemenda á eigin námi. Skólasóknarreglur hafa tekið mið af því markmiði og m.a. ofangreind regla um raunmætingu sem tekin var upp haustið 2009. Með reglunni um raunmætingu var vonast til að mæting nemenda myndi batna og einnig var henni ætlað að stoppa það óréttlæti sem mörgum fannst felast í því að nemendur sem mættu alltaf fengju sömu mætingareinkunn og þeir nemendur sem væru mjög oft fjarverandi en skiluðu inn vottorðum.

Viðbrögð við nýju reglunni um að raunmæting skuli gilda inn í náms- og vinnueinkunn voru mjög hörð og ákvað Sigurrós Erlingsdóttir, kennslustjóri því að rannsaka raunmætingu sérstaklega skólaárið 2009-2010 og skrifaði skýrslu um rannsóknina (Sigurrós Erlingsdóttir, 2011). Hún skoðaði ýmis gögn um mætingu sem til voru í MS og aflaði einnig nýrra gagna. Hún lagði könnun fyrir í einum bekk á 3. námsári, tók viðtöl við fimm nemendur sem mættu illa, skoðaði útreikninga þriggja kennara á haustannareinkunn 2009, lagði tvær spurningar fyrir starfsmenn um raunmætingu í árlegri starfsmannakönnun vorið 2010 og nýtti sér gögn úr könnun um raunmætingu sem rektor og konrektor lögðu fyrir alla nemendur á 3. námsári á vorönn 2010. Í þeirri könnun sem 114 eða 78% nemenda á 3. námsári svöruðu kom í ljós að mikill

meirihluti þeirra var óánægður með nýju regluna um raunmætingu eins og sjá má á mynd 14. Alls svöruðu 83 eða 73% þeirra nemenda sem tóku þátt að þeir væru frekar eða mjög óánægðir með raunmætingu (Sigurrós Erlingsdóttir, 2011, bls. 9).

### Ert þú ánægð/ur eða óánægð/ur með skólasóknarregluna um raunmætingu?



Mynd 14: Ánægja-/óánægja þriðju bekkinga á vorönn 2010 með reglu um raunmætingu.


Mesta óánægjan er með hve einkunn lækkar hratt vegna fjarvista sbr. eftirfarandi svar eins nemanda:

Mér finnst raunmæting sniðug að sumu leyti t.d. að hún fær fólk til að skrópa minna. Stór galli við raunmætinguna er að ef maður verður veikur hrapar einkunnin niður og maður þarf að hugsa sig rosa vel um hvort maður tími að vera veikur eða ekki sem er slæmt. (Hvað finnst þér um raunmætingu?, 2010) (Sigurrós Erlingsdóttir, 2011, bls. 11)

Við höfum séð framfarir í þessari skýrslu um sjálfsmat eða á mynd 9 að starfsmenn hafa annað viðhorf til raunmætingar heldur en nemendur. Mikill meirihluti starfsmanna er ánægður með raunmætingu, 81% starfsmanna segist frekar eða mjög hlynnt því að halda áfram með raunmætingu á næsta skólaári.


Sigurrós skoðaði einnig hvernig mæting hafði breyst með tilkomu nýju reglunnar um raunmætingu. Mynd 15 sýnir yfirlit yfir

mætingareinkunn skólaárið 2008-9 miðað við raunmætingu (sem ekki var í gildi það ár):



Mynd 15: Raunmæting skólaárið 2008-2009.

Sigurros Erlingsdóttir segir um mynd 15 í skýrslu sinni: „Skólaárið 2008-2009 fá 34% nemenda falleinkunn í mætingu ef reiknað er með raunmætingu, tæp 44% fá einkunn frá 4 til og með 7 og rúm 23% fá 8 eða herra í einkunn. Allstór hópur nemenda er með mætingu á bilinu 70-79% en fremur fáir nemendur eru með mætingu undir 70%“ (Sigurros Erlingsdóttir, 2011, bls. 19).



Mynd 16: Raunmæting skólaárið 2009-2010.

Um mynd 16 segir Sigurros Erlingsdóttir í skýrslu sinni: „Skólaárið 2009-2010 fá rúm 27% nemenda falleinkunn í mætingu ef reiknað er

með raunmætingu, tæp 44% fá einkunn frá 4 til og með 7 og rúm 29% fá 8 eða hærra í einkunn. Mæting eykst um tæp 7% í lægsta hópnum (einkunnir 1-3) og um 6% í efsta hópnum (einkunnir 8-10) fyrsta árið sem reglan um að reikna raunmætingu inn í náms- og vinnueinkunn gildir. Athyglisvert er að miðjuhópurinn, einkunnir frá 4-7 er um 44% bæði árin" (Sigurrós Erlingsdóttir, 2011, bls. 19).

Í lokaorðum skýrslunnar segir Sigurrós Erlingsdóttir um næstu skref varðandi raunmætingu: „Greinileg togstreita er innan þess hóps sem starfar og gengur menntaveginum í MS. Kennarar eru ánægðir með raunmætingu og vilja óbreytt kerfi en nemendur eru óánægðir og vilja breytingu á skalanum sem raunmæting er reiknuð út frá og einnig frávík. Nauðsynlegt er að kynna skólasóknarreglurnar betur fyrir nemendum og eins þarf að skoða skalan sem fylgt er þegar raunmætingarprósenta er færð í einkunn á skalanum 1 og upp í 10. Breyting á skalanum í þá veru að einkunn fyrir raunmætingu lækki minna fyrir hverja fjarvist en nú er gæti verið ein leið til að sætta hópana. Bresku fræðikonurnar Hallam og Rogers tala um að nauðsynlegt sé að allir taki þátt í að bæta skólasókn, stjórnendur, kennarar og annað starfsfólk og foreldrar og nemendur séu vel upplýst um reglur og viðurlög og samtaka um aðgerðir. Þær leggja einnig áherslu á mikilvægi þess að taka strax á fyrstu fjarvist nemanda. Þær benda á að í því sambandi geti rafræn skráning viðveru einfaldað vinnu kennara og stjórnenda (Hallam, S. og Rogers, L., 2008). Í MS er viðvera skráð rafrænt í gegnum upplýsingakerfi framhaldsskólanna, Innu. Í vetur eru Menntaskólinn í Kópavogi og Borgarholtsskóli í samvinnu við Innu, að þróa áminningakerfi sem mun auðvelda framhaldsskólunum að senda upplýsingar til nemenda og forráðamanna um óeðlilegar fjarvistir. MS mun nýta sér þetta kerfi um leið og opnað verður fyrir það í Innu" (Sigurrós Erlingsdóttir, 2011, bls. 20). „Leita þarf fleiri leiða til að fá nemendur til að mæta betur. Í haust var gert

hringiátak sem fólst í því að í nokkra daga var hringt heim til allra nemenda sem ekki voru mættir í fyrstu kennslustund dagsins og leitað skýringa á fjarvistunum. Einnig var samstarf kennslustjóra og umsjónarkennara um eftirlit með mætingu útfært nánar en verið hefur undanfarið. Samstarf við foreldra nemenda undir átján ára hefur vaxið ár frá ári undanfarið og er það áhrifaríkt“ (Sigurrós Erlingsdóttir, 2011, bls. 21). Sjá nánari upplýsingar í skýrslu Sigurrósar Erlingsdóttur, kennslustjóra MS: Raunmæting í MS. Starfendarannsókn um innleiðingu raunmætingar í náms- og vinnueinkunn nemenda. Skýrslan er útgefin í MS í janúar 2011. Skýrsluna er að finna á heimasíðu MS.

### **13. Mat á tilraun um lotunám**

Skólaárið 2009-2010 var gerð tilraun með lotunám í 1. bekk félagsfræðabrautar í þremur námsgreinum, ensku, félagsfræði og jarðfræði. Lagt var mat á þessa tilraun í þeim tilgangi að þróa lotubundið bekkjarkerfi og meta kosti þess og galla. Beitt var ýmsum aðferðum við matið t.d. skýrslum kennara eftir hverja lotu, könnunum meðal nemenda og kennara sem tóku þátt í tilraunastarfinu, fundum rýnihóps nemenda eftir hverja lotu og umræðum á vikulegum fundum lotukennara með stjórnendum skólans. Sjá nánari upplýsingar í matsskýrslu um tilraunina (Hjördís Þorgeirsdóttir, 2010c) og skýrslu um vinnu við kerfisbreytingar til lotubundins bekkjarkerfis (Már Vilhjálmsson, 2010). Skýrslurnar voru sendar til mennta- og menningarmálaráðuneytisins og er að finna á heimasíðu skólans.

### **14. Tölulegar upplýsingar**

Ýmsum tölulegum upplýsingum er safnað og þær greindar í þeim tilgangi að leggja mat á skólastarfið í MS, marka stefnuna og gera



árlegar aðgerðaáætlanir. Þar ber fyrst að nefna námsárangur en einnig eru upplýsingar um skólasókn nemenda eftir námsárum og samanburð milli ára geymdar. Einnig má nefna tölur um fjarvistir starfsmanna, viðveru á kennarafundum, fræðslufundum og örnámskeiðum sem haldin eru í MS.

## 15. Starfshópar

Ýmsir starfshópar sem unnu að því að bæta skólastarfið voru starfandi innan MS á árinu 2010. Verkefnisstjóri stýrir starfi hvers hóps og þar eru fulltrúar kennara og í sumum þeirra einnig fulltrúar nemenda. Eftirfarandi starfshópar störfuðu á árinu 2010:

Vorönn 2010:

- Lotuhópur (um tilraun um lotunám)
- Sjálfsmatshópur
- Starfendarannsóknahópur
- Stýrihópur framtíðarmála
- Vinnuumhverfisnefnd

Haustönn 2010:

- Sjálfsmatshópur
- Starfendarannsóknir
- Vinnuumhverfisnefnd

Að auki starfa verkefnastjórar án hópa að ýmsum verkefnum þ.e. endurmenntunarstjóri, tveir félagsmálafulltrúar, forvarnarfulltrúi, hirðmeistari útskriftar, jafnréttisfulltrúi, tækjastjóri, tölvuumsjónarmaður, verkefnisstjóri með Námsnetinu, verkefnisstjóri um erlent samstarf og verkefnisstjóri um umsjón í 1. bekk.

## 16. Sjálfsmat og árangurstenging launa

Í stofnanasamningi MS og KÍ er ákvæði um árangurstengingu launa og er þetta ákvæði endurskoðað árlega. Markmið með árangurstengingu eru að efla faglegt starf, skerpa á sérhæfingu skólans, styrkja þverfagleg vinnubrögð, ýta undir nýsköpun í skólastarfi og bæta samkeppnisaðstöðu skólans. Hlutfall heildarlauna kennara sem varið hefur verið til þess að árangurstengja laun hefur verið um 3% á undanförunum árum. Úthlutað hefur verið án umsókna viðbótarþrepum sem byggja á niðurstöðum nemendakönnunar. Á grundvelli umsókna hefur verið úthlutað viðbótarþrepum á grundvelli þróunar- og nýbreytnistarfs og samstarfs við kennara. Einnig hefur ákveðinni upphæð verið varið ár hvert til að styrkja þróunarverkefni og er þeim úthlutað á grundvelli umsókna.

Á fundi samstarfsnefnar MS og félagsmanna KÍ í MS þann 22. maí 2009 var ákveðið að hætta að úthluta viðbótarþrepum á grundvelli nemendakönnunar (Fundargerð Samstarfsnefndar Menntaskólans við Sund og félagsmanna Kennarasambands Íslands í MS, 2009). Ástæðan var sú að vegna niðurskurðar fjárframlaga til skólans varð að minnka það fjármagn sem varið er til árangurstengingar launa og ákvað samstarfsnefndin að skera þann þátt af sem er umdeildastur innan kennarahópsins. Staðan var óbreytt árið 2010.

### Lokaorð

Sjálfsmat er mikilvægur þáttur í skólastarfinu í MS og sjálfsmat markvisst nýtt til að ýta undir þróun skólastarfsins. Tekist hefur að byggja upp formlegt, altækt og fjölbreytt sjálfsmatskerfi þar sem allir, bæði starfsfólk og nemendur, taka virkan þátt í að meta skólastarfið og setja fram tillögur um úrbætur. Lögð hefur verið áhersla á að sjálfsmatið sé eðlilegur og sjálfsagður hluti af skólastarfinu auk þess

sem unnið er að því að brydda upp á nýjungum og þróa matið áfram. Á vorönn 2010 var áhersla lögð á mat á tilraun á lotunámi í 1. bekk félagsfræðabrautar og á haustönn 2010 var sú nýjung tekin upp að sjálfsmatshópurinn hélt bekkjartenglafund þ.e. fund með einum fulltrúa úr hverjum bekk til ræða um það sem betur má fara í starfinu. Sú nýjung fékk jákvæðar viðtökur og verður haldið áfram á næsta ári. Einnig var athyglinni sérstaklega beint að raunmætingu sem er nýjung í skólasóknarreglum MS. Skólinn þakkar mennta- og menningarmálaráðuneytinu veitta styrki til þróunar skólastarfsins á árinu 2010. Sjálfsmatshópur og allir bæði nemendur og starfsmenn MS sem tóku þátt í matinu á árinu 2010 fá bestu þakkir fyrir þátttöku í sjálfsmati í MS.

Reykjavík 17. mars 2011

Fyrir hönd Menntaskólans við Sund

---

Hjördís Þorgeirsdóttir, konrektor

## Heimildir

Fundargerð Samstarfsnefndar Menntaskólans við Sund og félagsmanna Kennarasambands Íslands í MS (2009). Menntaskólinn við Sund.

Hagstofa Íslands. 2011. Starfsfólk eftir kyni aldri stöðuhlutfalli og menntun 1999-2010.

Frá: <http://www.hagstofan.is/Hagtolur/Skolamal/Framhaldsskolar>

Heimasíða Menntaskólans við Sund (2011). Frá: <http://www.msund.is/>

Hjördís Þorgeirsdóttir. (2010a). Breytingastofa og starfendarannsókn í Menntaskólanum við Sund. Netla - vef tímarit um uppeldi og menntun Ráðstefnurit Menntakvika 2010.

Hjördís Þorgeirsdóttir. (2010b). Breytingastofa. Erindi flutt á Menntakviku, ráðstefnu menntavísindasviðs Háskóla Íslands um rannsóknir nýbreytni og þróun. Menntaskólinn við Sund. Óútgefin gögn.

Hjördís Þorgeirsdóttir. (2010c). Skýrsla um tilraun til lotunáms í MS skólaárið 2009-2010. Reykjavík: Menntaskólinn við Sund.

Már Vilhjálmsson. (2010). Skýrsla um vinnu við kerfisbreytingar í Menntaskólanum við Sund. Lotubundið bekkjarkerfi. Reykjavík: Menntaskólinn við Sund.

Ósa Knútsdóttir. (2010). Yfirlit yfir starf sjálfsmatshóps MS veturinn 2009-2010. Menntaskólinn við Sund. Óútgefin gögn.

Ratsjá. Skólanámskrá Menntaskólans við Sund (2011). Frá <http://www.msund.is/page.asp?id=78&x=>

Sigurrós Erlingsdóttir. (2011). Raunmæting í MS. Starfendarannsókn um innleiðingu raunmætingar í náms- og vinnueinkunn nemenda. Reykjavík: Menntaskólinn við Sund.

Skólasamningur mennta- og menningarmálaráðuneytisins við Menntaskólann við Sund. (2009).